

Lækni sem ávísar lyfinu eða staðgengil hans (Fyllist út af lækni/heilbrigðisstarfsmanni)

Nafn heilbrigðisstofnunar:

Sími:

Nafn læknis eða staðgengils:

Sími:



ÁBENDING
Ætlað sem viðhaldsmeðferð við geðklofa hjá fullorðnum sjúklingum sem náð hafa jafnvægi eftir bráðameðferð með olanzapini til inntöku.

Í HVERT SKIPTI SEM ÞÚ FERÐ TIL LÆKNIS (LÍKA Á BRÁÐAMÓTTÖKU Eða EF SLYS BER AÐ HÖNDUM) SKALTU ENDURSKOÐA OG UPPFÆRA ÞENNA LYFJALISTA MEÐ HONUM.

Önnur lyf Dags.:

Lyfjaheiti	Skammtur mg, einingar, úðar, dropar	Hvenær er lyfið tekið Hve oft á dag? Kvölds og morgna? Eftir mat?	Dagsetningar Meðferð byrjar / endar	Tilgangur Við hverju er lyfið tekið?

ZypAdhera

Skammtur (mg)	Hve oft er lyfið gefið. Á 2ja eða 4ja vikna fresti?	Dagsetning síðustu sprautu	Klukkan hvað var síðasta sprauta gefin

Áríðandi öryggisupplýsingar eru á bakhlið þessa korts, lestu þær vel. Frekari öryggisupplýsingar er að finna í fylgiseðli sem er í pakkningunni með lyfinu. Þú getur spurt lækni um kosti og galla meðferðar með ZypAdhera.

ZypAdhera

Olanzapin stungulyfsstofn og leysir, forðadreifa

Ætlað sem viðhaldsmeðferð við geðklofa hjá fullorðnum sjúklingum sem náð hafa jafnvægi eftir bráðameðferð með olanzapini til inntöku.

Eins og við á um öll lyf getur ZypAdhera™ valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Algengar aukaverkanir: Koma fram hjá 1 til 10 af hverjum 100 notendum

- ZypAdhera á það til að fara of hratt inn í blóðrásina og þá geta komið fram eftirfarandi einkenni: mikil syfja, sundl, rugl, áttavilla, talerfiðleikar, gangtruflanir, vöðvastífni eða skjálfti, þróttleysi, skapstyggið, árásarhneigið, kvíði, hækkan á blóðþrýstingi eða krampar og stundum geta einkenni valdið meðvitundarleysi.
- Sljógvandi áhrif (m.a. svefnhöfgi)
- Verkur á stungustað

Eftirfarandi aukaverkanir hafa komið fram þegar olanzapin til inntöku um munh er gefið, en þær gætu komið fram eftir gjöf á ZypAdhera.

Mjög algengar aukaverkanir: Koma fram hjá 1 eða fleiri af hverjum 10 notendum

- Þyngdaraukning
- Hækkan á gildi prólaktíns í blóði
- Sljógvandi áhrif (m.a. svefnhöfgi)
- Í upphafi meðferðar geta sumir einstaklingar fundið fyrir svima (með hægum hjartslætti) eða fallið í yfirlið, þetta gerist einkum þegar risið er upp úr liggjandi eða sitjandi stöðu (réttstöðu blóðþrýstingslækkun). Þetta hverfur vanalega af sjálfu sér, en ef það gerist ekki skaltu láta lækinn vita af því

Algengar aukaverkanir: Koma fram hjá 1 til 10 af hverjum 100 notendum

- Breytingar á magni sumra blóðfrumna og blóðfitu
- Hækkan á blóðsykri og sykri í þvagi og tímabundin hækkan sumra lifrarensíma sérstaklega í byrjun meðferðar.
- Hækkan á þvagsýru og kreatín fósfókínasa í blóði
- Aukin matarlyst
- Sundl
- Eirðarleysi
- Skjálfti
- Óvenjulegar hreyfingar (sérstaklega í andliti og tungu)
- Hægðatregða
- Munnþurrkur
- Útbrot
- Máttleysi
- Mjög mikil þreyta
- Vökvasöfnun sem leiðir til bjúgs í höndum, á ökkum eða á fótum
- Hiti
- Liðverkir
- Kynlífsvandamál svo sem minnkuð kynhvöt hjá körlum og konum eða risvandamál hjá körlum

Aðrar sjaldgæfari aukaverkanir gætu komið fram, sjá fylgiseðil með lyfinu.

Látið lækinn vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á hér eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

Frekari öryggisupplýsingar er að finna í fylgiseðli sem er í pakkningunni með lyfinu. Þú getur spurt lækni um kosti og galla meðferðar með ZypAdhera.

ÁRÍÐANDI UPPLÝSINGAR FYRIR SJÚKLINGA

ZypAdhera á það til að fara of hratt inn í blóðrásina og geta þá komið fram eftirfarandi einkenni: Mikil syfja, sundl, rugl, áttavilla, talerfiðleikar, gangtruflanir, vöðvastífni eða skjálfti, þróttleysi, skapstyggið, árásarhneigið, kvíði, hækkaður blóðþrýstingur eða krampar og stundum geta einkenni valdið meðvitundarleysi. Einkenni þessi geta verið alvarleg.

Af þessum ástæðum:

- Í hvert skipti sem þú færð sprautu fylgist lækinninn eða hjúkrunarfræðingur með því í a.m.k. 3 klukkustundir hvort framangreind einkenni koma í ljós
- Læknir eða hjúkrunarfræðingur þurfa að ganga úr skugga um að þú sért ekki með nein þessara einkenna áður en þú ferð heim
- Eftir að þú ferð af heilbrigðisstofnuninni verður þú að fylgjast með því hvort einhver þessara einkenna koma fram. Það er þó ólíklegt að það gerist þegar meira en 3 klst. eru liðnar frá því að þú fékkst sprautuna. Komi slík einkenni fram skaltu hafa samband við lækni eða hjúkrunarfræðing tafarlaust. Sjá UMSJÓN MEÐ LYFJAGJÖF hér fyrir neðan.
- Vegna þessarar hættu áttu ekki að stunda akstur eða stjórna vélbúnaði það sem eftir lifir dags eftir hverja sprautu

Meðan þú ert enn hjá læknum eða á heilbrigðisstofnun er mikilvægt að þú látir lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita ef þú:

- Finnur fyrir mikilli syfju
- Finnur fyrir svima
- Finnur fyrir rugli eða ert áttavillt/ur
- Finnur fyrir þirringi eða árásargirni
- Finnur fyrir kvíða
- Átt í erfiðleikum með tal eða gang
- Finnur fyrir þróttleysi
- Finnur fyrir vöðvastífni eða skjálfta

Læknir þinn eða hjúkrunarfræðingur verða að hafa gát á þér til að tryggja að þú sért vel vakandi og laus við einkenni áður en þú yfirgefur heilbrigðisstofnunina og einnig útskýra þau fyrir þér hvernig bregðast eigi við ef eitthvað af þessu kemur fyrir eftir að þú ert farin(n) af heilbrigðisstofnuninni.

Frekari upplýsingar um ZypAdhera er að finna í fylgiseðli.

UMSJÓN MEÐ LYFJAGJÖF (Fyllist út af lækni/heilbrigðisstarfsmanni)

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____

Sá sem hafa á samband við í neyðartilvikum:

Nafn: _____

Sími: _____